

ríkisdöllum á ári úr bæjarsjóði til að koma skipulagi á málefni þetta, auk þess sem nú sem stendur er til þess varið.

1861.

13. febrúar.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að fyrst um sinn í 2 ár verði varið allt að 200 ríkisdöllum á ári úr bæjarsjóði Reykjavíkur í þeim tilgangi, sem áður er getið. En þegar búið er að koma skipulagi á málið vonast stjórnin eptir að fá um það nákvæmari skýrslu.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 13. febrúar. vesturumdæminu, um lækni í Ísafjarðar sýslu.

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmáður, 25. okóberm. f. á., hafa 37 menn í Ísafjarða rsýslu farið þess á leit, að hið allra bráðasta verði skipaður duglegur læknir í nyrðra læknisumdæmið í Vestfirðingafjórðungi, er laust hefir verið síðan Clausen héraðslæknir dó árið 1858; hafa beiðendur meðal annars kveðið svo að orði, að hálft þriðja ár, sem embættið hafi verið laust, megi álíta nægan tíma fyrir stjórnina til að útvega í það lækni.

Í þessu efni eruð þér beðnir að tilkynna beiðendunum, að þar sem svo sýnist, að með orðum þeim, sem nú var getið, sè bent til þess, að stjórnin hafi verið hirðulaus um að fá í embættið mann, er til þess væri hæfur, þá er slíkt með öllu ástæðulaust; því undir eins og búið var að veita Clausen héraðslækni lausn frá embættinu, og áður en fregnin barst hingað um lát hans, var það auglýst, að embættið væri laust, en með því enginn sótti um það leitaði dómsmálastjórnin hvað eptir annað til hins konunglega lækna ráðs, og bað um aðstoð þess til að útvega héraðinu læknishjálp. Lækna ráðið hefir og gjört það sem í þess valdi stóð til að fá menn, er tekið hafa próf í læknisfræði, til að taka að sér embætti þetta, og einkum hefir það nýlega farið þess á leit við mann einn, er það hélte kynni að vera til-

1861. leiðanlegur til þess; en allar tilraunir læknaáðsins hafa verið
13. febrúar. árangurslausar.

Með því nú þessu er þannig varið, getur dómsmálastjórnin því miður ekki gjört meira til þess að fá lækni í embættið, er hún ekki treystist til að útvega þeim manni, er í það yrði skipaður, önnur kjör en hinum héraðslæknunum á Íslandi; en það er vitaskuld, að stjórnin mun láta sér annt um að fá duglegan lækni í embættið, svo fljótt, sem það verður unnt, eptir því sem ástatt er.

26. febrúar. **9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfé prestaekkna.**

Þeir 300 ríkisdalir, er samkvæmt bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 17. aprílm. f. á. eru taldir meðal útgjalda Íslands í fjárhagslögunum fyrir árið 1861, og sem eptir konungsúrskurði 13. maím. 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og stiptyfirvöldin úthluta þeim, eru nú í fjárhagslögunum fyrir árið 1862, er út komu 19. þ. m., hækkaðir til 400 ríkisdala.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

26. febrúar. **10. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðar sýslu.**

Eptir uppástungu kirkju- og kennslustjórnarinnar við ríkisþingið, eru í fjárhagslögunum fyrir árið 1862, er út komu 19. þ. m., veittir 1800 ríkisdalir til að fullbyggja nýja kirkju á Eyri í Ísafjarðar sýslu í vesturumdæmi Íslands; er fè þetta veitt sem lán, er á að hvíla á brauðinu, og ber að greiða af því 6 af hundraði á ári í 28 ár í röð í vöxtu og borgun innstæðunnar. Þetta sè yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður og yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbein-